



Innviðaráðuneytið
b.t. skrifstofu samgangna
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2023

2307001HA LG/vrh
Málalýkill: 30.22

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024- 2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál

Hafnasamband Íslands vísar til umsagnar dags. 31. júlí 2023, varðandi samgönguáætlun fyrir árin 2024- 2038, ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að á fyrsta fimm ára framkvæmdatíma áætlunarinnar, frá 2024 til 2028, sé ekki gert ráð fyrir nema 6,1 milljarði króna til nýrra framkvæmda. Fyrir þetta sama tímabil sóttu hafnarsjóðir landsins um framlög upp á 36 milljarða til brýnna framkvæmda sem falla að meginmarkmiðum og áherslum samgönguáætlunar. Það er því augljóst að þarna vantar mikið upp á að hafnir landsins geti haldið áfram þeirri þróun og uppbyggingu sem brýn þörf er á.

Hafnasamband Íslands leggur ríka áherslu á að málefnum hafna og þörf á uppbyggingu og endurbótum m.a. með tilliti til aðgerða í loftlagsmálum með styrkingu landtenginga, verði gefinn ríkur gaumur við yfirferð og frekari mótun framlaga til samgönguáætlana fyrir árin 2024-2028.


Fyrir liggur að við seinustu úthlutun Orkusjóðs hafnaði sjóðurinn öllum umsóknum um styrki vegna almennra landtenginga fyrir fiskiskip og uppsetningar á búnaði á hafnarsvæðum til að landtengja farþegaskip og önnur stór og aflfrek skip. Ekki er hægt að líta á afstöðu Orkusjóðs með öðrum hætti en að uppbygging landtenginga á hafnarsvæðum sé hvorki forgangsmál stjórnvalda né skipti miklu í þeim mikilvægu orkuskiptum sem þjóðin stendur frammi fyrir, þrátt fyrir að lagt hafi verið upp með að þriðjungur af þeim nær milljarði sem var til úthlutunar hafi verið eyrnamerkur verkefnum til að minnka notkun á jarðeldisnotkun í flutningum og siglingum.

Til viðbótar þeim almennu hagsmunum samfélagsins af orkuskiptum í höfnum landsins þá hefur sú kvöð verið sett á hafnir sem tilheyra evrópska flutningsnetinu (TEN-T) að ljúka landtengingum fyrir árið 2030. Fimm íslenskar hafnir tilheyra flutningsnetinu. Evrópskar samkeppnishafnir íslenskra hafna hafa fengið úthlutað styrkjum til þessa úr sjóðum ESB. Ísland og Noregur greiða hins vegar ekki í þessa sjóði og því ekki möguleiki fyrir hafnir viðkomandi landa að sækja þar um. Norskar hafnir geta hins vegar sótt styrki til landtenginga í norska orkusjóðinn Enova. Íslenskar hafnir eru aftur á móti skildar eftir með íþyngjandi kvöð um landtengingum skipa en án fjárhagslegs stuðnings.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir mikilli óánægju með afstöðu Orkusjóðs. Hafnasamband Íslands bendir því á að best væri að framlög til orkuskipta í höfnum verði sett inn á samgönguáætlun og úthlutað þaðan til hafna sem vinna við orkuskipti.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands